

Væri nú kannski reynandi. að boða þá sem keyptu refa-konverterana enn einu sinni saman niður efir, til að reyna að ljúka þeim og halda síðan glæsilegar refaveiðar.

Það hefur sýnt sig að æði margir koma við í félagsheimilinu þó þeir stanzi þar ekki lengi. Hafa verið gerðar athuganir á þessu og er ekki óalgengt að 15 - 20 manns líti þar inn á fimmtudagskvöldum. Finnst mér að húsið hefði bók opna til innritunar þeirra manna og kvenna sem þar koma við.

Hittumst þá sem flest á fimmtudagskvöldið niðri í félagsheimili IRA (vestast í vesturbænum) Og ég vil í lokin benda á það að Hallgrímur TF3HS hefur séð þeim fyrir hressingu sem þess óska.

73 formaður TF3IC

-o-o-o- HEIMSÓKN ERLENDRA AMATÖRA -o-o-o-

Í sumar barst okkur bréf frá forseta D. A. R. C. Deutsche Amateur Radio Club, í Þýskalandi, þar sem hann skýrði frá því að hann ásamt fimm öðrum þjóðverjum væri á förum til U. S. A. og hygðist hafa viðdvöl á Íslandi á heimleið. Kvaðst hann mundi hafa ánægju af ef unnt væri að hitta amatöra hér. í svari okkar kváðum við það ánægjulegt og velkomið að hitta þá og báðum um nánari tímasetningu á viðkomu þeirra hér. Ekki barst okkur svar aftur og leið þetta úr huga manna.

Svo var það að kvöldi 29. sept. að þjóðverjarnir eru komnir til Reykjavíkur og höfðu samband við formann Í. R. A. þar sem þetta bar mjög brátt að vannst ekki tími til mikils undirbúnings, enda var þetta í miðri viku þó tókst að húa saman nokkrum mönnum þá um kvöldið til að hitta þjóðverjana. Var rabbað við þá á hótelinu þar sem þeir dvöldust og þeim síðan sýnt félagsheimili IRA.

Að kvöldi 30. sept. hélt svo formaður IRA, TF3IC, hóf fyrir erlendu gestina og stjórn IRA að heimili sínu.

Erlendu gestirnir voru:

Karl Schultheiss DL 1 QK, forseti D. A. R. C.

Karen Witting (dóttir Karls),

Heino DL2EA (lögfræðingur),

Manfred (fréttamaður).

Undu menn sér þar kvöldlangt við rabb, söng og gleði. Virtist fara mjög vel á með íslenskum og þýzkum amatörum þetta kvöld.

Karl Schultheiss forseti D. A. R. C. færði IRA fána félags síns að gjöf. Þar sem IRA hefur ekki komið í verk að gera fána með merki sínu enn, gat formaður IRA aðeins þakkað fyrir vináttuvottinn sem þeir sýndu okkur, og þar sem hinn ágæti ljósmyndari Guðjón Einarsson var viðstaddur með vélina sína, lofaði myndum frá samkomunni. Myndirnar voru svo sendar þeim strax og þær voru tilbúnar og höfum við móttekið þakkarbréf Karls fyrir þær.

Það kom fram að þeir félagar höfðu sent bréf frá U. S. A. til að tilkynna okkur um komu sína hingað, en það bréf barst okkur aldrei.

DL2LA Heino, gaf D. A. R. C. merki sitt þeim er fyrstur fengi KW leyfi á Íslandi og átti það að vera mönnum hvatning til að afla þess.

Mátti greinilega merkja að Hallgrímur TF3HS og Jóhannes TF3JJ ókyrrðust (hi). Þjóðverjarnir fóru síðan heimleiðis að morgni 1. okt. með flugvél Loftleiða

I.A.R.U.

Region 1 fréttir.

Í síðasta fréttabréfi I.A.R.U. Region 1 news, er færra en átla mætti, sem fréttmæmt er fyrir okkur, þannig að í þetta sinn verða fréttirnar fáar.

Suður Afríku Radío Sambandið S. A. R. L. hefur nú bæzt í hóp félaganna í Region 1 deildinni, en þar með eru félögin í deildinni orðin 36.

Í S.A.R.L. eru 1100 meðlimir og gefa þeir út blað mánaðarlega " Radio ZS ".

Á þessu ári halda Pólskir radioamatörar hátíðlegt 40 ára afmæli P.Z.K. (Pólski Zwiazek Krotkofalowcow) en félag þeirra var formlega stofnað 22-24. febrúar 1930, en þeir höfðu þá um margra ára skeið átt ervitt uppdráttar með leyfi frá stjórnarvöldunum til starfsemi sinnar.

Fyrsti formaður þeirra var Prófessor doctor Janusz Groszkowski, sem nú er forseti Pólsku vísindaakademiunnar.

Fyrstu kallmerki Pólskra amatörstöðva samanstóð af stöfunum TP og síðan tveimur öðum stöfum td, TPAA síðan breyttist þetta og núverandi kallmerki þeirra er eins og við vitum SP.

Þá er rétt að geta þess að sérstakt kallmerki(prefix) fyrir Pólskar amatörstöðvar " 3Z " var gefið út vegna 25 ára frelsisafmælis Pólverja, og mega þeir nota það frá 22 júlí til 22 júlí 70.

Þá verður þetta ekki lengra að sinni.

73 '3Hs.

Félagsfundur.

Mánudaginn 30 nóvember var haldinn fundur í Lindarbæ. Mættir voru um tuttugu manns. Fundarefnið var hvernig ætti að aðlaða sendi og loftnet. Carl Eiríksson hafði verið fenginn til að koma á fundinn til að svara spurningum um þetta efni.

Hann svaraði öllum spurningunum vel, og á þann veg að allir skildu. Fyrri hluta fundarins teiknaði hann upp og útskýrði nokkrar rásir til að aðlaða sendi og loftnet, m.a. tvær fyrir transistorsenda. Hann sýndi einnig leið til að athuga hvort loftnet er capacitivet eða inductivet og hvernig hvernig á að gera það resistivet.

Eftir kaffihlé tók Carl eina af þessum rásum sem hann hafði sýnt og setti upp, en fyrr á fundinum hafði verið settur upp langur vír svo að Carl gæti tunað sendi út í net. Hann byrjaði á að túna sendirinn, sem hafði pi-tank, beint út í netið og tókst það ágætlega. Næst sýndi Carl hvernig hægt er að aðlaga loftnet að fast tunuðum sendi. og gerði það að með því að tuna sendinn út í 50 ohm dummy load, og hreyfði hann svo ekkert, heldur lagaði loftnetið til, þar til það lagði jafn mikið á sendinn og dummy loadið hafði gert.

Eftir að hafa séð hvernig Carl gerði þetta, virðist það ekki vera mjög ervitt að túna langan vír og er vonandi að öllum gangi betur við þetta hér eftir.

Um leið og ég hætti þessu rabbi um fundinn, vil ég þakka Carli fyrir fróðlegt og skemmtilegt kvöld, og vonandi verður haldið áfram með svona fundi.

73 de TF3KD.

Morze-námskeiðin og starfið.

Eins og við allir vitum, þá hafa verið haldin morze-námskeið undanfarna vetur á vegum I.R.A, til þess að auðvelda nýjum mönnum undirbúning fyrir amatörpróf .

Síðastliðna tvo vetur var enn gengið skrefi lengra til móts við menn, og haldin námskeið í radiotækni, en þessi viðleitni I.R.A til að hjálpa miðar einnig að því að efla starf félagsins um leið og við vonumst til að fá marga fleiri amátora í loftið.

Þetta hefur því miður brugðist að miklu leiti, þrátt fyrir góðan vilja og mikla vinnu sem lögð var fram.

Á námskeiðinu haustið 1968, byrjuðu um tuttugu ákafir þátttakendur, átta luku prófi, en aðeins þrír hafa heyrzt í loftinu.

Á námskeiðinu 1969 byrjuðu tuttugu og þrír, prófi luku þrír en von er á þremur öðrum bráðlega, en af þeim þremur sem luku prófi hefur aðeins einn heyrzt í loftinu, léleg útkoma það!

Af þessu sézt, að ekki er það alltaf satt sem sagt er, að maður uppskeri eins og maður sái, eða var illa sáð? Ég held ekki, við reyndum eins og hægt var,

Nú hafa viðhorfin breytzt mikið með tilkomu nýliðaleifa, nú ætti allt að vera mun auðveldara, og ekki eins tímafrekt fyrir þá sem eru að byrja, og um leið verður öll kennsla á þessum vetri miðuð við nýliðaleyfi.

Nú er áætlað að hefja morze-námskeið í byrjun janúar, og munum við YL,OM þe. 3YL og 3HS reyna að annast það, námskeiðið mun eins og áður er sagt, miðast við nýliðaleyfi þe. 35 bókstafir á mínutu í móttöku auk annars þess sem krafist er fyrir morzepróf, þáttökulisti fyrir þetta námskeið mun liggja frammi í félagsheimilinu.

Auk þessa höfum við áformað að annast segulbandsupptöku á morze-kennslu fyrir þá sem búa úti á landi, og þá sem ekki hafa aðstöðu til að notfæra sér námskeið hér í Reykjavík, verður sú kennsla einnig miðuð við nýliðaleyfi, en þessi bönd verða síðan til sölu til þeirra sem áhuga hafa á.

Viðvíkjandi annarri kennslu, get ég ekki fjölyrt að sinni, það hefur verið rætt um að reyna að hafa radio-tækni kennslu samhliða morze-námskeiðinu, en ákvarðanir hafa ekki verið teknar í því efni enn.

Tíminn verður að leiða í ljós, hvort tilkoma nýliðaleyfanna verður til ábata fyrir félagana og félagið, en við vonum sannarlega það bezta.

73 de TF3HS.

Bjórdósavertikal.

Í októberhefti OZ, blaði danskra kollega okkar eru staðfestar fréttir sem pólitísku dagblöðin okkar fluttu fyrir skömmu.

Þeir eru nefnilega byrjaðir að framleiða og selja dósabjór á innanlandsmarkaði.

Sagt er að bjórneyzla þar hafi aldrei verið meiri fyrr. Ástæðan gæti verið sú, að nú séu danskir amaatórar að afla sér efnis í " Beer can vertical " sem ku vera ágætis loftnet, að minnsta kosti fyrst eftir að dósirnar hafa verið tæmdar.

Árangurinn mun alltént vera sá, að maður fær bandbreitt loftnet og víða vömb.

Hversu lengi þurfum við TÖFF-ararnir í zone 4o að bíða eftir að fá þetta ágætis loftnetsefni á markaðinn.

Kannski fáum við erlend amatörfélög í lið með okkur út á nokkur sambönd á væntanlegt Beer Can Vertical.

Ný tæki félagsins.

Nýlega afhenti póst- og símamálastjórnin I.R.A. sendistöð þá, er Þorsteinn Gíslason á Seyðisfirði hafði til afnota eftir að hann hætti störfum hjá þeim. Stöð þessi er heimil I.R.A. til afnota meðan félagið vill nýta, en á síðan að fara á safn. Er stöðin afhent til minningar um brautryðjendastarf Þorsteins heitins, "á sviði radiómála", en af þeim eru okkur vafalaust hagleiknust störf hans sem einn fyrsti íslenski radióamatörinn.

Stöð þessi er af Collins-gerð (32V-1 Tx og 75A-1 Rx) öndvegisstöð á sinn hátt þótt ekki sé hún ný, með fjölmörgum "fínessum", og er sjón sögu ríkari. Útgeislunartegundir A1 og A3. Stöðin var hreinsuð upp og allar rásir stilltar, áður en hún var af hent og lítur hún út sem ný væri. Stöðinni fylgir spennubreytir, hátalari og hljóðnemi.

Loftnetið sem '3AU og '3MA settu upp er langur vír, og því miður óvíst hvort hægt er að setja nokkuð skárri upp á núverandi QTH og kæmi varla annað til greina en beam eða quad á mastri, því aðstæður eru mjög erfiðar. Á hinn bóginn yrði kostnaðurinn við uppsetningu slíkra loftneta félaginu líklega ofviða að svo stöddu. Kann þó að vera að þetta verði framkvæmanlegt, leggi félagar á sig nokkra sjálfboðavinnu til að hrinda þessu í framkvæmd - t.d. næsta sumar.

Óþarft er að geta þess, að I.R.A., hefur þakkað póst- og símamálastjórninni velvilja þann sem hún enn á ný hefur sýnt í verki og eiga þeir, Gunnlaugur Briem, póst- og síma málastjóri, og Sigurður Þorkelsson, forstjóri, sérstakar þakkir félagsins skyldar.

Ég hef gerzt svo djárfur að taka upp, orðrétt, bréf það, er fylgdi stöðinni og fer það hér á eftir.

TF 3 JJ .

Félag íslenskra radióamatöra,
Reykjavík.

Þegar Þorsteinn Gíslason, umdæmisstjóri á Seyðisfirði lét af störfum vegna aldurs, afhenti póst- og símamálastjórnin honum radióstöð til afnota, meðan honum entistaldur. Var þetta gert í virðingarskyni fyrir brautryðjendastarf hans hér á landi á sviði radiómála.

Nú að honum látnum telur stofnunin rétt að láta stöðina Í.R.A. í té til eflingar starfsemi félagsins . Teljum vér minningu Þorsteins sóni sýndur ef stöðin getur stuðlað að eflingu hreyfingar radióáhugamanna hér á landi.

Póst- og símamálastjórnin áskilur, að stöðin verði ekki eyðilögð, því áætlað er að geyma hana í fyrirhuguðu minjasafni póst- og símamálastjórnarinnar.

Samkvæmt ofanrituðu leyfum vér oss nú að afhenda yður stöðina í þeirri von, að hún komi að tilætluðum notum.

Stöðin er eftirtalin tæki: (Tækin talin upp)

Virðingarfyllst,
f.h. póst- og símamálastj.
Sigurður Þorkelsson (Sign.)

" Operation " UXAHALI.

Á síðast liðnu sumri, er ákveðið var að hafa " field day ", var komið saman til skrafs og ráðagerða um, til hvaða staðar mundi vera heppilegast að fara. Eftir nokkrar uppástungur var ákveðið að fara að Reyðarvatni við Uxahryggi.

Þátttakendur urðu nú ekki eins margir og við höfðum vonast, aðeins níu talsins, þegar lagt var af stað frá félagsheimili I.R.A. föstudagskvöldið 26. júní sl. Reidar var mættur með sinn stóra flutningabíl og hafði Hrefnu og Matta '3MA sem farþega. Eins og oft áður tók hann allan þungaflutninginn og lék á als oddi. Er ég viss um, að mjög hafa umræðurnar verið fjörugar á leiðinni austur og þau aðallega rætt um " Citisen band operation " hi, hi. Valdi rafvirki '3SR var á Saabinum og með honum XYL Nína og litla dóttir þeirra og að lokum vorum við Haddi 3HS á VW rúgbrauði og með okkur var Kiddi '3KD, en hann útvegaði "generatorinn" sem var notaður á þessum " field day " og reyndist hann mjög vel. Sannarlega væri gaman ef félagið gæti eignast svona tæki. Ferðin austur gekk í alla staði mjög vel. Stoppað var þegar komið var niður á þingvelli og þar ráðgast um, hvort halda skyldi lengra, eða vera á þingvöllum. Ákveðið var að halda eitthvað upp á Uxahryggi og gekk það allt ágætlega. Þegar þangað kom okum við fram og aftur, til þess að reyna að finna heppilegan stað, þar sem við gætum farið út af veginum með bílana, en þarna var alls staðar mjög blautt, svo við snérum við og fundum þá fallegan hvamm neðst á hryggjunum, þar sem allir bílarnir gátu farið út af og gáfum við staðnum nafnið Uxahali. Tjaldað var nú í flýti því hálf kalt var í veðri, enda komið nærri miðnætti. Pallurinn á Reidars bíl var nú útbúinn sem "schackur" og þar komið fyrir SB-101, sem 3MA var með, en mun vera í eigu Ágústar '3AU. Síðan ég fór að fara með á " field day " hefur mér virzt, sem þetta tæki væri ávallt með og mikið notað. Reistur var nú 20m dípóll, generatorinn settur í gang, voru nú allir spenntir að sjá hvort skilyrði fyrir "operation" frá halanum væru góð, en heldur var dauft yfir bandinu. TF3MA hafði fyrsta sambandið á CW við W1 stöð kl 0210, en ekki var samt haldið lengi áfram þetta kvöld, menn voru orðnir þreyttir og fóru því snemma að háttu. Næsta morgun var byrjað kl.1100 en skilyrðin voru engu betri, þó voru höfð 9 sambönd þennan dag ásamt ýmsum tilraunum með loftnet.

Við '3HS höfðum með okkur Eico753 og efni í quad sem við ætluðum að setja saman og prófa svo hvernig hann mundi reynast, en því miður voru skilyrðin það slæm að lítið kom út úr því. Garðar '3IC kom á laugardaginn með honum var XYL Nína og dóttir þeirra Bergþóra. Garðar kom með Svan 400 og kom honum fyrir í "shacnum" var nú farið út í að koma upp dipol fyrir 80 m. Hann var reyndur en það kom lítið út úr því eða aðeins 2 sambönd. Heildartala sambandanna er höfð voru á þessum "Field day" voru 24 og voru QSL kort skrifuð og send út fljótlega eftir að heim var komið. Seinni part sunnudags héldum við heim á leið en stoppuðum þegar við komum niður í Bolabás og nutum þar sólar og sumars smátíma, heim komum við svo kl 16 um kvöldið. Ferðin var í alla staði mjög skemmtileg og er leitt til þess að vita hvað þátttaka var lítil í þessum ferðum okkar, því svo sannarlega er til þess að vinna en engu að tapa. Vona ég að ef oftast verður stofnað til "Field day" þá verði betri mæting, tilvalið er að taka fjölskylduna með svo allir geti í sameiningu notið skemmtunar og, útiveru.

-o-o-o- TRANSISTOR DIPPERR -o-o-o-

Fyrir þá amatöra sem vilja sjálfir smíða viðtæki og senda, er dipper eitt nauðsynlegasta mælitækið. Með honum er hægt að finna resonanstíðni sveiflurása, nota hann sem mælisendi til að stilla viðtæki eftir, finna út stærðir á óþekktum spólum og þéttum, finna resonanstíðni loftneta o.m. fl.

Þar sem þetta tæki er með transistorum og orkan er frá rafhlöðu er það auk þess mjög handhægt í meðförum. Hægt er að fara með það með sér upp á þak til að mæla loftnet og í ferðir út úr bænum þar sem gamaldags lampa grid dip mælar eru úr leik.

Þar sem tækið er mjög auðvelt í byggingu og flestir hlutir þess ókritiskir getur hver og einn notað þá hluti sem hann hefur við hendina. Tækið vinnur þannig að transistorinn Tr. 1 sem er AF 139 sveiflar á tíðni sem er ráðið af C 1 og spólunni L. RF spennan frá Tr. 1 er afriðuð í díóðunni D 1 og sett inn á DC. magnarann Tr. 2 sem er AC 126. Með hreyfanlega viðnáminu í emitterrás Tr.2 er straummælirinn í colloktorrásinni stilltur á mest útslag.

Þegar dipperinn er færður að sveiflurás og stilltur á sömu tíðni tekur utanaðkomandi sveiflurásin orku frá dippernum. Við það minnkar RF spennan inn á DC magnarann og útslagið á mælinum verður minna, hann "dippar".

Ef tækið er notað sem bylgjumælir er spennan tekin af Tr.1, og mælirinn stilltur á minnst útslag. Þegar það síðan er fært að sendi og stillt á sömu tíðni gefur mælirinn útslag. Mitt tæki gefur greinilegt útslag frá transistor mælisendi ef orkan frá mælisendinum er send út í link með ca 2 vindingum og haldið í nokkurra cm

fjarlægð frá dippernum. Þegar sveifluvakinn er víraður verður að gæta þess að hafa eins stuttar leiðslur og hægt er á milli C 1 og spólu höldunnar og allar jarðtengingar komi á rotorinn á C1 og hann einn síðan í stell á kassanum.

Ég vatt allar spólur á plast rafmagnsrör 19 mm (3/4 ") í þvermál. Sökkklarnir eru 9 pinna noval sem passa í venjulega lampahöldu.

Sennilega er erfitt að fá þessa sökkla hér á landi, en hægt er t.d. að nota 8 pinna octal sökkla og sverara spóluförm.

Að sjálfsögðu verður þá að finna vindingafjölda með tilraunum.


Í hverri spólu er innbyggt viðnám og þéttir til að afturverkun verði rétt fyrir hvert svið. Ef til vill verður líka að gera tilraunir með þessa hluti. Ef háohms heyrnartól eru sett í tengið merkt " tel " er hægt að heyra mótun á merkinu þegar tækið er notað sem bylgjumælir.

Ég notaði ekki neinn rofa til að slökkva á tækinu heldur 2 pinna í spólusökklinum, þannig að öll spenna fer af um leið og spólan er tekin úr. Mælirinn hjá mér er 100 micro amper en ég hef líka notað 1 milliamper með jafngóðum árangri.


Til að merkja inn á skalann verður að hafa mælisendi, annan dipper eða viðtæki sem tjúnar óslitið a.m.k. 1,5 - 30 MHz.

Ef notaður er mælisendir er hann tengdur við dipperinn með spólu 1 - 2 vindingar. Tenging eins laust og hægt er annars getur dipperinn hætt að sveifla. Setjið spóluna fyrir neðsta sviðið í og plöturnar í C 1 mest saman. Stillið síðan mælisendinn þar til vísirinn á dippernum stígur örlítið. Ef hlustað er um leið heyrir veikt bít í heyrnartólunum. Lesið er af mælisendinum og fært inn á skalann. Þegar notaður er annar dipper eru þeir tengdir laust saman og farið eins að. Þegar notað er viðtæki er burðarbylgjan frá dippernum fundin á því, en gæta verður þess að hlustað sé á réttu tíðnina en ekki spegiltíðni viðtækisins.

Þegar finna á stærð á óþekktum þétti er notuð spóla með þekktri stærð, t.d. 5 micró henry, hún tengd yfir þéttinn og resonanstíðnin fundin. Þegar finna á stærð spólu er farið eins að nema nú er



Botntenging spólu



notaður þekktur þéttir t.d. 100 pf.

Í handbókinni frá A.R.R.L. er nomogram til að finna stærðirnar eftir. (bls. 55o 1970 útg.)

Ég set hér töflu sem ég hafði til hliðsjónar þegar ég vatt spólurnar, en hver og einn verður að þreifa sig áfram að

réttum vindingafjölda. Ég byrjaði með neðsta tíðnisviðið og vatt heldur stærri spólu en upp var gefiðog vatt síðan af henni þar til hún var á réttum stað. Næstu spólu hafði ég síðan aðeins neðar en efstu tíðni hinnar og svo koll af kolli.

Að lokum vona ég að einhver hafi gagn af þessu og velkomið er að hafa samband við mig um meiri upplýsingar.

Sigurbjörn Bjarnason.

MHz	vafn.	þverm.	R x	C x	Vír
1-2	180	25		200 pf	0,1
2-4	90	25		150 pf	1,25
4-8	40	19	33 k	56 pf	0,3
8-16	27	12	8,2 k	47 pf	0,4
15-30	13	12	8,2 k	47 pf	0,4
30-60	6	12	1,6 k	10 pf	1,0
50-100	2	12	820 ohm	10 pf	1,0
100-200	0,5		820 ohm	10 pf	koparþinna 22mm löng og 18mm breið

Gleðileg Jól

FÉLAGSHEIMILIÐ AÐ VESTURGÖTU 68 ER OPID ÖLL FIMMTUDAGSKVÖLD FRÁ KL. 2030 GMT. LÁTID NÚ SJÁ YKKUR TFAR, NB Félagar munið árgjöldin!

AMSAT

Radio Amateur Satellite Corporation, AMSAT, er félagsskapur, sem stofnaður var til þess að sjá um að smíðuð yrðu gervitungl sem radio amatörar gættu notað og til þess að stuðla að betri og víðtækari notkun á hátíðniböndunum.

Allir radio amatörar og aðrir áhugasamir geta gerst félagar í AMSAT með greiðslu árgjalds, sem er \$5.00 fyrir einstakling og \$10.00 fyrir klúbb.

Næsta gervitungl AMSAT verður nefnt AMSAT OSCAR - B áður en því verður skotið á braut, en OSCAR - 6 eftir að það kemst á braut. OSCAR - 6 verður fjölrása endurvarpsgervitungl, knúið sólarrafhlöðum og verður starfhæft í amk. 1 ár.

Fréttabréf er gefið út reglulega fyrir meðlimi AMSAT. Nánari upplýsingar um AMSAT er hægt að fá hjá, Radio Amateur Satellite Corporation, PO Box 27, Washington DC 20044, USA.

'3ma.

VHF REGION 1 BAND PLAN.

Nýlega var samþykkt að samræma vhf viðskipti til þess að minnka truflana hættu milli hinna ýmsu tegunda útgeislana. Eru það vinsamleg tilmæli að amatörar hafi hliðsjón af bandplaninu er þeir velja sér tíðni á vhf böndunum.

<u>Tíðni</u>	<u>Notkun</u>
144,000 til 144,150	cw
145,000	Kalltíðni farstöðva
145,300	Miðtíðni RTTY
145,400	Miðtíðni SSB
145,950 til 144,600	Vitar
432,00 til 432,10	cw
432,10 til 433,45	Allt
432,15	Miðtíðni SSB
433,45 til 433,50	Vitar og sérstök viðskipti
fyrir ofan 433,50	TV
1296,00 til 1296,25	cw
1296,15 til 1297,95	Allt
1297,95 til 1298,00	Vitar

80 Metrarnir

Fyrir nokkrum árum voru 80 metrarnir mjög líflegt band. Menn komu gjarnan í loftið á 80M og röbbuðu saman á tíðninni 3505 kHz, sem var þá notuð til innanlandsviðskipta. Lítið hefur heyrst til TF manna á 80M að undanfögnu, þó heyrst stundum í TF5TP og '3ST. Að mínu áliti er það miður hve 80 M bandið hefur verið vanrækt að undanfögnu og er full ástæða til að hressa upp á 80 Metrana með því að operera þar af og til. Auðvelt er að smíða tæki til notkunar á 80M og hefur CQ de TF birt margar teikningar af einföldum tækjum sem menn geta auðveldlega smíðað. Eðlilegt væri að IRA beitti sér fyrir að komið væri upp lokal. neti á 80 M, mætti það net vera á CW, AM, og SSB eftir því sem við verður komið og mætti ákveða fasta tíðni þar sem þetta net mundi starfa. Orðið er frjálst fyrir þá sem vilja leggja orð í belg um hugsanlegt 80 M local net